

## Frá Íþróttamiðstöð.

Íþróttamiðstöðin og sundlaugin verður opin í vetur sem hér segir:

Mánudaga – fimmtudaga: 16:00 – 20:00

Föstudaga: 12:00 – 16:00

Laugardaga: 12:00 – 16:00

Tímar í íþróttasal verða sem hér segir:

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.
12:00-13:00					Frjálst	Fótbolti
13:00-14:00					Frjálst	Fótbolti
14:00-15:00					Frjálst	Frjálst
15:00-16:00					Frjálst	Frjálst
16:00-17:00						
17:00-18:00	Blak	Badminton	Blak	Borðtennis		
18:00-19:00	Blak	Borðtennis	Blak	Badminton		
19:00-20:00	Frjálst	Bandý	Fótbolti	Körfubolti		

Öllum er heimilt að mæta í skipulagða og/eða frjálssa tíma í íþróttasal.

### Verðaskrá:

Stakur tími: 500 kr.

10 miða kort: 4.000 kr.

30 miða kort: 10.000 kr.

Athugið að tímar á vegum Mývetnings og tímar fyrir eldri borgara verða auglýstir síðar.

Geymið auglýsinguna

Kveðja, starfsfólk ÍMS

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

36. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 18. sept. 2013

## Afmælisbörn dagana 19. sept. — 25. sept. 2013

20. Héðinn Sverrisson, Leifur Hallgrímsson.
22. Ásgerður Björnsdóttir.
23. Sigríður Guðmundsdóttir.
25. Einar Finnur Snorrason, Helga Guðrún Egilsdóttir.



## 150 ára afmæli Skútustaðakirkju.



Hátíðarguðsþjónusta  
í tilefni 150 ára afmælis Skútustaðakirkju  
verður haldin í kirkjunni  
sunnudaginn 22. september kl 14:00.

Sóknarpresturinn sr. Örnólfur Ólafsson þjónar fyrir altari.

Vígslubiskupinn á Hólum

sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir predikar.

Organisti er Valmar Valjaots.

Hátíðarkaffi verður í Skjólbrekku  
að athöfn lokinni.

Verið hjartanlega velkomin.

Sóknarnefnd.

## Jóga með Hörpu.

Haustnámskeið 19. sept. - 12. okt. 2013



Kennt verður í Jarðböðunum – efri hæð.  
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:00 - 18:15.  
Laugardaga: 12:15 - 13:30.  
Verð: 10.000 kr.

Skráning í síma 821-5215 eða á netfang [harpa@alkemia.is](mailto:harpa@alkemia.is)

“If you give your Self a chance – your Self will give you all the chances” Yogi Bhanjan

## Dósasöfnun.

Dósasöfnun verður hjá nemendum Reykjahlíðarskóla,  
seinnipartinn í dag, miðvikudag og á morgun, fimmtudaginn 19. sept.  
Öll innkoma rennur í ferðasjóð nemenda.

Fólk er vinsamlega beðið um að setja dósapokana utan við  
útidyrnar ef það vill gefa dósir/flöskur en þarf að fara að heiman.

Þökkum kærlega fyrir stuðninginn.  
Nemendafélag Reykjahlíðarskóla.



MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

Vegna framkvæmda við uppsetningu á lyftu í Safnahúsinu  
verður nokkur röskun á starfsemi í húsinu næstu vikur.

### Bókasafnið á Húsavík

Safnið verður lokað fimmtudaginn 19. sept. og föstudaginn 20. sept.  
Vikurnar þar á eftir mega gestir bókasafnsins búast við einhverri  
truflun á starfssemi.

### Menningarmiðstöð Þingeyinga

Sýningar í Safnahúsinu verða lokaðar a.m.k. frá 18. sept. til 18. okt.  
(opnun eftir breytingar auglýst síðar)

### Héraðsskjalasafn Þingeyinga og skrifstofa Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Lokað frá 23. sept. – 4. okt.

Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum  
sem þetta kann að valda.

Hlökkum til að bjóða gestum okkar upp á verulega bætt  
aðgengi að framkvæmdum loknum.

### Menningarmiðstöð Þingeyinga

S: 464 1860  
Netfang: [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is)  
Heimas: [www.husmus.is](http://www.husmus.is)

### Bókasafnið á Húsavík

S: 464 6165  
netfang: [bokasafn@husavik.is](mailto:bokasafn@husavik.is)  
Heimas: [http://  
bokasafn.nordurthing.is/](http://bokasafn.nordurthing.is/)

## Afmælisboð.

Kæru sveitungar og vinir.

Laugardaginn 5. október eigum við afmæli.  
Í tilefni þess ætlum við að bjóða ykkur  
á ball í Skjólbrekku sama kvöld.

Hljómsveit Halla píp heldur uppi fjörinu til kl. 03:00  
en húsið opnar kl. 22:00 með fordrykk  
og léttum veitingum.

Raggi verður með barinn opinn svo flestir  
ættu að fá eitthvað við sitt hæfi. ☺

Vonumst til að sjá sem flesta á dansskónum  
og með góða skapið.

Dísa í Vogum og Ingibjörg á Skútustöðum.

## Mýflugan

Kæru lesendur  
og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.  
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

### Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.200 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.100 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.000 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

# NORÐLENSKA

## SLÁTURSALA 2013

Slátursala hefst fimmtudaginn 26.sept.  
og lýkur föstudaginn 11.október.

**Opið frá: 10:00 > 12:00 og 13:00 > 17:00.**  
**Alla virka daga.**

Mörbrytjun er í boði á þriðjudögum og fimmtudögum.  
**Nauðsynlegt er að panta brytjun deginum áður.**

Mjög áriðandi er að vörur séu pantaðar fyrirfram  
til að tryggja hraða og góða afgreiðslu.

**Sími í slátursölu: 460-8897**

**Hollur og góður matur á frábæru verði.**

**Geymið auglýsinguna.**

# Kynningar- og samráðsfundur vegna Bjarnarflagsvirkjunar

**Landsvirkjun býður til opins íbúafundar í Reykjahlíðarskóla, þriðjudaginn 24. september kl. 16.30**

Á fundinum verður greint frá niðurstöðum úttektar mats á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar sem gert var af verkfræðistofunni Eflu. Einnig verður kynnt samantekt rannsókna um áhrif jarðhitanýtingar á volga grunnvatnsstrauminn ásamt árlegri vöktunarskýrslu á yfirborðsvirkni og grunnvatnsstreymi til Mývatns sem gerðar voru af ÍSOR. Að lokum verður farið yfir næstu skref verkefnisins og tilhögun samskipta við hagsmunaaðila rædd.

Að loknum erindum verða spurningar og umræður.

**Allir velkomnir.**

**Dagskrá fundar:**

Óli Grétar Blöndal Sveinsson,  
*framkvæmdastjóri þróunarsviðs,*  
setur fundinn

**Niðurstöður úttektar verkfræðistofunnar Eflu á núgildandi mati á umhverfisáhrifum fyrir Bjarnarflagsvirkjun**

Ólafur Árnason, *sviðsstjóri skipulagsmála hjá Eflu*

**Áhrif jarðhitanýtingar í Bjarnarflagi á volga grunnvatnsstrauminn til Mývatns**  
Magnús Ólafsson, *aðstoðardeildarstjóri jarðfræði- og umhverfismála hjá ÍSOR*

**Staða verkefnisins og næstu skref**  
Valur Knútsson, *verkefnisstjóri um byggingu Bjarnarflagsvirkjunar*

**Hvernig verður samskiptum vegna Bjarnarflagsvirkjunar best háttað?**  
Ragna Árnadóttir  
*aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar*